

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2000

frá 25. febrúar 2000

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/98 frá 25. september 1998⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21aa (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3093/94) í XX. viðauka við samninginn:

„21ab **399 L 0013**: Tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum (Stjtið. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 189, 22.7.1999, bls. 71 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 22.7.1999, bls. 178.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 1999/13/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna. Gildistökudagur: 1.9.2000.